

KAREN

SMÁSAGA EFTIR ALEXANDER L. KIELLAND

Það var einu sinni stúlka í Krarúps veitikrá, sem hét Karen. Hún stóð ein gestunum fyrir beiná; því kona veitingamannsins var næstum altaf að leita að lyklunum sínum. Og það komu inargir í veitikrá Krarúps;—bæði menn úr grendinni, sem á haustin, þegar kvöldin tók að lengja, söfnuðust saman í drykkjustofunni og drukku kaffipúns, svona rétt út í bláinn, án nokkurs ákveðins tilgangs, og einnig ferðamenn, sem komu þrammandi inn, bláir og veðurbarðir, til að fá sér eitthvað volgt, er héldi í þeim lífinu til næstu krár.

En Karen gat þrátt fyrir það komið öllu af, og það þó hún færí hægt og virtist aldrei hafa hraðan á.

Hún var lítil og grönn og mjög ung, alvarleg og þegjandaleg, svo umferðasalarnir höfðu ekkert gaman af henni. En siðprúðum mönnum, sem komu inn í alvarlegum erindum, og vildu fá kaffið fljótt og sjóðandi heitt, þótti því vænna um Karen. Og þegar hún smeygði sér á milli gestanna, með bakkann sinn, viku hinir þunglamalegu vaðmálsklæddu menn til hliðar óvenjulega fljótt, það var rýmt til fyrir henni, og samtalið hætti augnablik, allir hlutu að líta á eftir henni, hún var svo lagleg.

Karen hafði ein af þessum stóru, gráu augum, sem í einu virðast sjá og sjá langt—langt framhjá; og augabréynar voru háar og bogadregnar eins og í undrun.

Pess vegna héldu ókunnugir að hún skildi ekki rétt um hvað þeir voru að biðja. En hún skildi vel og skjátlaðist ekki. Það var bara eitthvað underlegt við hana—eins og hún horfði langt í burt eftir einhverju—eða hlustaði—eða biði—eða dreymdi.

Vindurinn kom að vestan yfir lágar sléturnar. Hann hafði velt þungum öldum yfir Vesturhafið; saltur og blautur af